

Alþingi
Efnahags og viðskiptanefnd

Ísafirði 6. nóvember 2024

Umsögn frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl.(nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.) mál 300, 155. löggjafarþing

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga samþykkti á fundi sínum þann 30. október s.l. eftirfarandi bókun varðandi tillögu um upptöku innviðagjalds á skemmtiferðaskip, og vísar til IX kafla um breytingu á gistináttarskatti í frumvarpi sem hér er til umsagnar.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur áherslu á að uppbygging móttöku skemmtiferðaskipa er orðinn lykilþáttur í ferðaþjónustu á Vestfjörðum og væntingar um að hún skapi ný tækifæri við flestar hafnir í landshlutanum. Lýst er miklum áhyggjum af bakslagið í þessari þróun, ef tillaga rúmvarps fjármálaráðherra á Alþingi um breytingar á sköttum og gjöldum mál 300/155 um álagningu innviðagjalds á skemmtiferðaskip gangi óbreytt fram m.t.t. upphæð gjaldsins og tímasetningu um komandi áramót. Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur því undir bókun Ísafjarðarbæjar og Cruse Iceland að tillögunni verði breytt verulega með lækkun upphafsgjalds og gefið færi á aðlögun innviðagjalds á komandi árum.

Breytingar á tollalegri meðferð hringferðaskipa er jafnframt til þess fallnar að fækka komum skemmtiferðaskipa á hafnir landsins.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.